

Samtök orkusveitarfélaga

11. stjórnarfundur

Árið 2013, föstudaginn 16. maí kl.16:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar á skrifstofu Þingeyjarsveitar.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Eyjólfur Sæmundsson, Jens Pétur Jensen og Sveinn Steinarsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð var færð í tölvu og ritaði Valur Rafn Halldórsson fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2012

Lagður var fram ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga fyrir árið 2012 áritaður af reikningahaldara og skoðunarmönnum samtakanna. Búið var að senda ársreikninginn til aðildarsveitarfélaga til athugasemda í samræmi við samþykktir. Engar athugasemdir bárust. Ársreikningurinn samþykktur og staðfestur með undirritun stjórnarmanna.

2. Fjármál samtakanna

Valur Rafn fór yfir fjárhagsstöðu samtakanna, sem er góð. Stjórn samþykkir að á næsta aðalfundi verði tekin ákvörðun um hvort greiða eigi stjórnarmönnum ferðastyrk vegna ferða á vegum samtakanna.

3. Uppgjör ráðstefnunnar Fiskur, olía, orka

Samþykkt var að kostnaður vegna ráðstefnunnar Fiskur, olía, orka verði allur færður á samtökin þar sem að styrkur fékkst frá ráðuneytinu fyrir ráðstefnunni. Engin kostnaður mun falla á samtökin.

4. Stefnumörkun SO

Drög að stefnumörkun var rædd, frekari umræðu frestað til næsta fundar.

5. Fundur stjórnar SO með fulltrúum Landsvirkjunar

Stjórn samtakanna mun funda með fulltrúum Landsvirkjunar, föstudaginn 24. maí nk., til að kynna samtökin fyrir Landsvirkjun og til að ræða hvort samtökin og Landsvirkjun geti unnið saman í því að ná fram breytingum á því kerfi sem er við lýði í dag.

6. Orkufundur

Samþykkt að halda orkufund föstudaginn 4. október kl. 13:00 á Hilton Reykjavík Nordica hóteli að aflokinni fjármálaráðstefnu 2013. Starfsmanni falið að panta sal fyrir fundinn.

7. Fundir stjórnar framundan

Næsti stjórnarfundur verður föstudaginn 24. maí í húsnæði Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig er gert ráð fyrir einum stjórnarfundum í byrjun júní.

Fundi slitið kl. 18:30